

**Ed.**

**823. Breytingartillögur**

[106. mál]

við frv. til l. um tannlækningar.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:  
Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir leyfi skv. 1. gr. að umsækjandi hafi gegnt starfi við tannlækningar á heilsugæslustöð í allt að 6 mánuði að námi loknu.
2. Við 5. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:  
Sérhæfðu aðstoðarfólki, sbr. 7. gr., skal þó heimilt að annast fræðslu og varnir gegn tannsjúkdómum á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, í skólum og uppeldisstofnunum undir umsjón yfirtannlæknis.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:  
Aðstoðarfólk skv. 7. gr. skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni sem undir tannlækningar falla.  
Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki er óheimilt að vinna nokkurt það verk sem undir tannlækningar heyrir.
4. Við 11. gr. Fyrri mgr. orðist svo:  
Ef landlæknir eða yfirtannlæknir verða þess varir að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðisлага landsins skulu þeir áminna hann og skýra jafnframt Tannlæknafélagi Íslands frá áminningunni og tilefni hennar.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:  
Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir eða yfirtannlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýra þeir ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar umsagnar tannlæknaeildar Háskóla Íslands og fallist hún á álit landlæknis og yfirtannlæknis má svipta viðkomandi tannlæknaeyfi, en skjóta má úrskurði til dómstóla.
6. Á eftir 12. gr. komi ný gr. er verði 13. gr. og orðist svo:  
Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrá, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.  
Tannlækni er heimilt að óska eftir sjúkraskrá frá öðrum tannlæknum um sjúkling sem hann annast. Slíkar óskir skulu bornar fram með samþykki sjúklings og er tannlæknum skylt að verða við þeim.